

24.11.2024 (#5 2024-2025) kl. 16:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Jón Axelsson og Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat Geir Ómarsson framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Jón Orri Jónsson, Sveinn Símorsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir.

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagstaða ÞRÍ, áhrif aukið fjármagn í afreksíþróttir
3. Uppskeruhátið, umræður um framtíðarmarkmið og leiðir til að efla smærri félög
4. Stjórnarvinna og nefndir, hvaða fyrirkomulag virkir betur?
5. Upplýsingar: umsóknir, alþjóðamál, unglingastarf, stefnumál
6. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjárhagstaða ÞRÍ, áhrif aukið fjármagn í afreksíþróttir

ÞRÍ fékk aukagreiðslu vegna Ólympíuleikana 1.000.000 kr. Staðan er ágæt og útlit fyrir að staða á bankareikningi verði jákvæð um áramót.

3. Uppskeruhátið, umræður um framtíðarmarkmið og leiðir til að efla smærri félög

Samþykkt var á fundinum að styrkja félögin samanlagt með 500.000 kr til að hjálpa félögunum að auglýsa starfið og þannig ná í nýja félagsmenn í janúarglugganum. Útfærsla verður kynnt félögunum á næstunni.

Að auki ætlar ÞRÍ að skoða hvernig sambandið geti farið í auglýsingaherferðir tvisvar sinnum á ári, fyrir haust og vorannir, til að vekja athygli almennings á þríþraut og auðvelda félögunum að ná í nýja félagsmenn.

--

Uppskeruhátið – Valerie ætlar að senda punkta fyrir næsta stjórnarfund.

4. Stjórnarvinna og nefndir, hvaða fyrirkomulag virkir betur?

Umræða um stjórnarstörf og mætingu stjórnarmanna. Rætt var um hvernig hægt sé að tryggja betri mætingu á stjórnarfundi.

Varðandi nefndarstörf, þá var lagt til að félögin myndu öll tilnefna fólk í nefndirnar.

5. Upplýsingar: umsóknir, alþjóðamál, unglingastarf, stefnumál

Geir fór yfir mögulega aðkomu ÞRÍ og þátttöku Ægis3 á Reykjavík International Games. Við náum ekki að vera með á RIG 2025 eins og vonir stóðu til en við erum hins búin að fá leyfi til að prófa að vera með hjól í Laugardagshöll. Stefna er á að taka prufukeppni í febrúar og að vera með á RIG á árinu 2026.

--

Geir kom með þá hugmynd að vera með ólympíska þríþraut sem myndi

1. Þorláksmessusundið
2. Gamlárshlaupið
3. Zwift

--

Valeri staðfesti að ÞRÍ sé búin að sækja um í afrekssjóð. Niðurstaða ætti að koma á allra næstu mánuðum.

--

Þá er ÞRÍ búin að sækja um eftirfarandi:

- Krakkaþraut 3SH – Þau þurfa líklega meiri hjálp
- Unglinganámskeið sem Ragnar Guðmundsson sér um
- Þjálfaranámskeið á vegum World triathlon

6. Önnur mál

Ragnar bar upp að á Formannafundi ÍSÍ hafi verið sérstaklega fjallað um Almennaheillaskrá og mikilvægi þess fyrir félög og sérsambönd að skrá sig á þá skrá því þá þarf ekki að borga fjármagnstekjuskatt. Þarf að endurnýja fyrir 15. febrúar á hverju ári. Geir ætlar að skoða nánar og senda upplýsingar á félögin.

Á Formannafundi ÍSÍ kom einnig fram að breytingar hafa verið á ráðstöfun lóttótekjna. Geir ætlar að athuga hvort þessi breyting hafi áhrif á ÞRÍ.

--

Næsta tímatökuhelgi fellur niður vegna áhugaleysis og fer út úr reglum afreksnefndar í framhaldinu.

Valdimar er að hætta sem aðstoðarmaður gjaldkera en hann er kominn í nýtt starf og baðst lausnar. Stjórnin þakkar honum vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 17:59

24. nóvember 2024
5. fundur 2024-2025



Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga um að halda næsta stjórnafund: 20. janúar 2025.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum